

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

#### *Ferðaþjónustusvæði við Árhólma.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 11. apríl 2024 deiliskipulagsbreytingu á ferðaþjónustusvæði við Árhólma, dags. 9. maí 2023, síðast breytt 4. apríl 2024 eftir athugasemd Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagsbreytingin sameinar fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlanir ásamt því að stækka reitinn til að ná yfir allt svæði verslunar og þjónustu, eins og það er skilgreint í aðalskipulagi. Markmið heildardeiliskipulags Árhólma er að byggja upp heildstæða ferðaþjónustu sem þjónar breiðum hópi ferða- og heimafólks og er áhugaverður áfangastaður í sjálfu sér. Skilmálar eru um að heildaryfirbragð bygginga verði í vistvænum anda og um góða aðlögun að landi, ásýnd og staðaranda. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulagsbreyting við Laufskóga 32-40 vegna dælustöðvar.*

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 14. desember 2023 óverulega deiliskipulagsbreytingu við deiliskipulag Laufskóga 32-40 vegna nýrrar lóðar undir dælustöð. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 11. apríl 2024.*

**Hildur Gunnarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. apríl 2024